



Atvinnuveganefnd Alþingis

10. febrúar 2022

Umsögn við mál nr. 142: Tillaga til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.

Ungir umhverfissinnar fagna auknum metnaði í innlendri matvælaframleiðslu þar sem aukið aðgengi almennings að innlendri matvöru er stórt skref í átt að sjálfbæru og loftslagsvænna samfélagi. Teljum við þó að tillaga þessi til þingsályktunar ætti ekki að vera lögð til samþykktar nema til mikilla breytinga komi. Leggjum við hér með upp nokkrar breytingar og athugasemdir sem við vonum að tekið verði tillit til.

Ekki er minnst á grænmetis- og kornrækt til manneldis sem þó ætti að vera undirstaða sjálfbærrar matvælaframleiðslu

Tillaga þessi leggur megináherslu á svokallaðar „hefðbundnar búgreinar“ sem teljast aðallega til sauðfjár- og nautgripabúskapar. Framleiðsla kjöts á þennan hátt er valdur að stórfelldri losun gróðurhúsalofttegunda (sjá [hér](#) fyrir nautgriparækt á Íslandi og [hér](#) fyrir erlenda rannsókn). Sauðfjarrækt, og þá sér í lagi lausaganga búfjár, getur engan veginn talist sjálfbær í ljósi mikilla áhrifa á gróður og gríðarlegrar losunar gróðurhúsalofttegunda (sjá t.d. [rit Lbhj](#) eftir Ólafs Arnalds). Til þess að auka sjálfbærni í matvælaframleiðslu liggur beinast við að efla grænmetis- og kornrækt til manneldis ásamt því að styðja við ræktun og þróun á kolefnishlutlausari, innlendum próteingjöfum. Varhugavert þykir okkur að ekki sé minnst einu orði á grænmetisrækt í umræddri þingsályktunartillögu.

Verði lögð áhersla á hefðbundnar búgreinar er mikilvægt að huga að fullnýtingu afurða, t.a.m. með gjöldum á förgun, og umhverfsvænum framleiðsluháttum í öllum stigum framleiðslunnar.

Áhersla skyldi lögð á endurnýjanlega orkugjafa

Jákvætt er að hugsað séð til orkuskipta og innlendra orkugjafa. Mikilvægt er þó að leggja frekari áherslu á að orkan skuli fyrst og fremst vera endurvinnanleg. Styrkir til rannsókna á orku skulu einungis vera til rannsókna á endurnýjanlegri orku. Til eru fleiri tegundir af endurvinnanlegum orkugjöfum heldur en vatnsaflsvirkjanir og mikilvægt er að orkugjafar allra iðngreina séu fjölbreyttir til að stuðla að sjálfbærni. Það eru tækifæri í fleiri orkugjöfum en vatnsaflsorku á Íslandi en sem dæmi má nefna vindorku og virkjun sjávarfalla.

Áhersla er lögð á ákveðnar tegundir til áburðar- og próteinframleiðslu í stað þess að hvetja til fjölbreytni

Mikilvægt er að leggja ekki aðeins áherslu á ákveðna tegundir áburðar og próteingjafa, en fjölbreytni í framleiðslu er ein forsenda sjálfbærni. Gríðarstór tækifæri liggja í framleiðslu á kolefnisfríum áburði með t.a.m. tækni Atmonia. Tæknin byggir á samspili vatns, lofts og rafmagns til framleiðslu ammoníaks, sem er hægt að nota beint sem nituráburð eða bæta í önnur næringarefni, í stað hins mengandi Haber-Bosch ferils sem hefðbundin áburðarframleiðsla byggir á.

Einnig er mikilvægt að greina mögulega nýtingu næringarefna í seyru í skólpi til áburðar, að m.t.t. reglugerðar Evrópusambandsins, en rétt skólphreinsistöð gæti þar tryggt gæði seyrunnar. Slik notkun fyrirbyggir beina losun til viðtaka (í sjóinn) og styður við hringrás næringarefna.

Að sama skapi viljum við benda á tækifærin sem liggja í smápörungum (t.a.m. frá Vaxa) og hinum ýmsu korntegundum til framleiðslu próteina.

Liður um loðdýrarækt ætti að vera fjarlægður úr tillögunni

Ungir umhverfissinnar vilja að liður um loðdýrarækt verði tekinn út úr þessari þingsályktunartillögu þar sem loðdýrarækt kemur matvælaframleiðslu lítið sem ekkert við og er búgreinin vægast sagt umdeild. Loðdýrarækt getur ekki talist sjálfbær, umhverfisvæn eða mannúðleg. Dýrin eru ekki ræktuð til matvælaframleiðslu og því skapast mikill úrgangur sem ekki er nýttur. Í ljósi framangreindra atriða væri fráleitt að ýta undir frekari umsvif í loðdýrarækt hér á landi.

Skjólbelta- og skógrækt í landbúnaði ætti að fylgja reglugerð sem tryggir sjálfbærni

Ræktun skjólbelta og aukin skógrækt samhliða landbúnaði hefur að geyma gríðarleg tækifæri. Skjólbeltaræktun minnkar uppfok frá ökrum og túnnum, eykur líffræðilega fjölbreytni á stórum og smáum skala svo eitthvað sé nefnt. Ungir umhverfissinnar vilja þó benda á mikilvægi þess að hafa reglugerð varðandi skógrækt í landbúnaði en reglugerð um sjálfbæran landbúnað er í bígri. Viljum við einnig hvetja til að innlendar trjátegundir verði notaðar í skjólbeltarækt til þess að staðinn verði vörður um viðkvæma náttúru landsins þegar kemur að landbúnaði.

Talsvert vantar upp á rökstuðning í sumum liðum tillögunnar


9. liður: "Eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu verði einfaldað og kostnaði við eftirlitið létt af greininni." og 17. liður: "Öllum úrvinnslufyrirtækjum landbúnaðarvara verði gert heimilt að hagræða með samvinnu og samruna umfram þær skorður sem samkeppnisyfirvöld setja." eru lítið rökstuddir og óljósir.

Að auki er ekki fullnægjandi að í tillögunni komi fram að styðja þurfi við hringrásarhagkerfi án frekari rökstuðnings eða útskýringa. Viljum við þá benda á að ekki er nóg að styðja við hringrásarhagkerfið. Íslensku hagkerfi þarf að umbreyta í hringrásarhagkerfi eins fljótt og mögulegt er. Fyrir frekari upplýsingar er mælt með að lesa bókina *Beyond Growth*.

Mikilvægi sjálfbærni í matvælaframleiðslu á Íslandi

Mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu er óneitanlega mikið og eiga atvinnugreinar sem tengjast matvælaframleiðslu að fá að þróast og starfa líkt og fram kemur í tillögu þessari. Framtíð matvælaframleiðslu á að vera tryggð en þó með þeim hætti að hún verði sjálfbær. Það er ljóst að matvælaframleiðsla- og kerfi heims hafa valdið mikilli aukningu vannæringar, en hún ber einnig ábyrgð á 80% hnignunar á líffræðilegum fjölbreytileika og um þriðjung allrar heildarlosunar gróðushúsalofttegunda. Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út ákall til þjóða heims um að styðja betur við jákvæðar breytingar á matvælakefjum til að hraða sjálfbærri þróun. Í því samhengi vilja Ungir umhverfissinnar leggja áherslu á þann raunverulega möguleika á að Ísland verði leiðandi í þeirri þróun. Sjálfbær matvælakefni styðja bæði við heilsu jarðarbúa og jarðarinnar, en í dag er brýn þörf á miklum breytingum á framleiðslu og neysluvenjum í átt að jarðheilsu matarræði (e. The Planetary Health Diet) til að tryggja sjálfbær matvælakefni til framtíðar innan þolmarka plánetunnar.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna



Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, náttúruverndarfulltrúi